

Ársskýrsla FEBH árið 2012.

Í félaginu eru um 200 félagar.

Starfsemin hófst 9. jan. að loknu jólafríi.

Reglulegir viðburðir á vegum félagsins voru sem hér segir:

Bókmenntir: Bókmenntahópurinn hittist einu sinni í viku. Þar lásu í hvert sinn 5-6 manns sjálfvalið efni. Þar mættu 13 - 21 félagi.

Handavinnuhópurinn hittist vikulega á vorönn, en 2svar í viku frá hausti – fjöldi 10 - 12. Í apríl heimsótti hópurinn eldri borgara í Þorlákshöfn, í maí var farið á handavinnusýningu eldri borgara í Gjábakka í Kópavogi og í nóv. farið til Reykjavíkur, kíkt í handavinnubúðir og farið á kaffihús.

Í október 2012 var haldið námskeið í keramikmálun, leiðbeinandi var frá Keramikhúsinu í Þorlákshöfn. Þátttakendur voru 10.

Á vorönn var haldið leirnámskeið. Námskeiðið fór fram í verkmenntahúsi grunnskólans. Leiðbeinandi var Hrönn Walters. Þátttakendur voru 7.

Bridds (og stundum líka Canasta) var spilað 2svar í viku, þar mættu frá 4 upp í 20 manns.

Gönguhópur hittist vikulega. Frá 5 – 18 manns voru í hópnum.

Félagsvist var vikulega 3 vikur í röð og svo bingó einu sinni. Í félagsvist komu 18 – 31.

Bingó var fjórðu hverja viku. 11 – 21 mættu á bingó.

Boccia var 2svar í viku og 4 – 17 mættu.

Vatnsleikfimi var vikulega, 15 – 20 mættu þar.

Rabbfundir voru vikulega. Góðir gestir komu til okkar. T.d. hófst samstarf við Listamannahúsið Varmahlíð og gestir þaðan komu til okkar. Einnig hófst samstarf við Listasafn Árnesinga, en alltaf þegar ný sýning var opnuð tók Inga safnstjóri sérstaklega á móti okkur. Einnig heimsóttum við Heilsustofnun NLFÍ. Á fundina mættu 10 – 33.

Jóga var vikulega, 5 – 12 félagar mættu þar.

Útskurður var vikulega, þar voru 8 þátttakendur.

Pútt var einu sinni í viku í íþróttahúskjallara á vorönn og Gamla hótelinu á haustönn. Fjöldi þátttakenda var 10 – 12.

Zúmba var vikulega á vorönn með 7 – 10 þátttakendum. Ekki tókst að safna nógu mörgum á haustönn til að halda áfram með Zúmba.

Hverafuglar æfðu einu sinni í viku. Virkur félagafjöldi kórsins á vorönn var 25-30. Söngstjóri var Gróa Hreinsdóttir.

Kórinn söng á Hótel Örk fyrir Hljómlistarfélagið á bóndadag 20. jan. og á Þorablóti Félags eldri borgara 10. febr. á Gamla hótelinu.

Hringurinn, kór eldri borgara í Rangárvallasýslu, kom í heimsókn 21. mars.

Glæðurnar, kór eldri borgara í Bústaðakirkju, kom 21. apríl og hélt tónleika með Hverafuglum í Hveragerðiskirkju.

14. maí sungu Hverafuglar á vorfundi félagsins á Örkinni.

Vetrarstarfið hófs með fundi miðvikudaginn 12. sept. Fundarefni: Kynning á starfsemi vetrarins og nýráðnum söngstjóra Örlygi Atla Guðmundssyni, sem kom á fundinn. Virkur fjöldi kórmeðlima á haustönn var hátt í 30 manns

Fimmtudaginn 8. nóv. sungu Hverafuglar í Grænumörk á Selfossi við góðar undirtektir og þáðu kaffiboð þeirra eftir sönginn. Síðan var haldið upp í Þorlákssætur og þar var tekin mynd af kórnum.

Í tilefni 10 ára afmælis Hverafugla var haldið kóramót í Hveragerðiskirkju sunnudaginn 25. nóv. Allir stjórnendur Hverafugla komu þar með sína kóra, sem voru:

Barnakór grunnskólans	stjórnandi	Heiða M. Guðmundsdóttir
Hringurinn	stjórnandi	Kristín Sigfúsdóttir
Vox veritas	stjórnandi	Örlygur Atli Guðmundsson
Uppsveitasystur	stjórnandi	Gróa Hreinsdóttir
Karлакór Kjalnesinga	stjórnandi	Örlygur Atli Guðmundsson

Um 150 – 160 manns sungu fyrir fjölda gesta. Félagar úr kórunum héldu því næst á Hótel Örk ásamt nokkrum hópi tónleikagesta. Auður Guðbrandsdóttir og Kristín Sigfúsdóttir höfðu tekið saman sögu kórsins og fluttu hana í skemmtilegum pistli.

2. des. söng kórinn við aðventusamkomu í Hveragerðiskirkju.
13. des. var sungið á jólafundi Félags eldri borgara í Þorlákssetri.
18. des. söng kórinn á Ási hjúkrunarheimili og þaðan hélt kórinn á Café Rose til að ljúka fyrri hluta vetrarstarfsins.

Eftir ofantalda upptalningu á reglubundnum viðburðum á vegum félagsins má geta þess, að meðaltalsfjöldi þátttakenda í starfi félagsins á einni viku var um 190, þ.e. um það bil öll félagatalan.

Þorrablót var haldið 10. febr. 2012 í Gamla hótelinu. Þar mættu 70 manns.

Aðalfundur 2012 var haldinn 16. febr. Þar mættu 56 félagar.

Tvær leikhúsferðir voru farnar á vorönn og tvær á haustönn. Samtals fóru 67 félagar í þessar ferðir.

Átta sinnum tókum við á móti gestum á sparidögum Hótel Arkar. Boðið var upp á kaffi, jólaköku og spjall í Þorlákssetri. Fjöldi sparigesta var frá 32 – 100 í hvert sinn, samtals 469 gestir.

Vorfagnaður var haldinn á Hótel Örk 14. maí. Selfyssingum var boðið að skemmta sér með okkur og kom nokkur hópur þaðan. Alls 99 manns.

Sumarferð félagsins var farin á norðausturhorn landsins 27. júní – 1. júlí. Ferðin tókst í alla staði vel og veðrið var betra en spáð hafði verið.

Dagsferð á Reykjanes var farin í byrjun sept. og tókst einnig vel þrátt fyrir mikið vatnsveður.

Undanfarin ár hefur félagið tekið þátt í Blómstrandi dögum með sýningu í Þorlákssetri. Sýning á verkum Hans Christiansen listmálara var haldin 16. – 19. ágúst 2012 og komu 317 gestir á sýninguna.

Haustfundurinn var haldinn 13. sept. í Þorlákssetri og mættu þar 75 manns.

Jólafundur var haldinn í Þorlákssetri 13. des. og þar mættu 86 félagar.